

Lára Martin

2003

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

DVCAM 96, 97

© Krumma films ehf.

DV 96

Er ekki gaman að hafa hann lafandi alveg hérna uppi í munninum, að borða epli og drekka. Já já já ég hef ekki séð þetta í milljón ár. Það sem var náttúrulega stórkostlegt var þegar hérna maður heyrði í útvarpinu Ragnheiði Ástu og Gerði G. Bjarklindi lesa fyrirsögnina. Lilja og Lára, konur sem elskast. Maður fékk náttúrulega smá fyrir hjartað. Ansi frumleg fyrirsögn. Sveifla frá miðju sjáðu. Við vorum einmitt að reyna það. Konur sem elskast. Mér finnst hún alveg stórkostleg sko. Það sem mér fannst nefnilega svona skondið við þetta var að hérna eftir þetta var maður bara, manni var boðið í partí bara stanslaust í þrjá mánuði. Allir bara komu út í sko sínum krókum og kimum og það var bara veisla. Það stoppaði mig einu sinni kona, einu sinni akkúrat á sama degi og á afmælisdegi Yoko Ono sjáðu, febrúar, átjándi febrúar, það finnst mér mjög skemmtilegt. Í Bankastrætinu stoppaði mig virðuleg kona í svona rykfrakka. Fyrirgefðu en ert þú stúlkan utan á Helgarpóstinum í dag? Ég segi: Já. Já ég vildi bara segja þakka þér svo mikið fyrir, ég er ekki svoleiðis en ég á þrjú börn. En ég vil bara segja að ég hef ekki verið sátt við það að allar lesbíur séu ljótar og bara fái ekki neina menn til lags við sig og þið eruð gersamlega sönnunin fyrir þessu og þakka þér nú fyrir að sýna mér fram á það. Og ég hugsaði, ef að ein kona stoppar mig á Bankastrætinu og hefur, sem sagt, þetta hefur upplýst hana um að við séum ekki öll einhverjir vanskaplingar þá er tilgangnum náð. Allavega.

Já ég man eftir þessu. Okkar lífsmáti er einn valkostanna sem er fyrir hendi. Strákarnir sko í Samtökunum, sérstaklega kannski Guðni hafði svo mikið verið að hérna, hann hafði skrifað í blöðin áður, ég held ekki að svokallaðar lesbíur hafi verið í blöðunum áður, ekki allavega undir nafni og mynd. Ég held það sé rétt hjá mér ég veit ekki betur, en hann vildi meina og fannst dálítið hættulegt að segja, okkar lífsmáti sé einn valkostanna vegna þess að karlmenn eiga ekki val. Og þarna er munur á milli kynjanna að það eru margir hommar sem eiga alls ekkert val og þess vegna er ekki hægt að grýta þá sko og kasta þeim út úr samfélaginu sem einhverju afstyrmi vegna þess að þeir eru fæddir þannig og eiga rétt á að vera eins og þeir eru fæddir en þeir eru ekki að velja þessa leið. Og þetta var dálítið svona, við ræddum þetta fram og til baka en mér hefur alltaf fundist að valið snýst aðallega um ást og kærleik og það sama hvaða kyn það er það á ekki að vera spurning. Þetta er röng hérna spurning þannig að rétta svarið er bara ef þú elskar einhvern þá skiptir ekki máli hvaða kyn það er. En þar sem þetta er svo pólitískt og við erum búin að vera kristin svo lengi að þá er þetta svo bælt. Öll þessi

umræða kemur bara út frá einu sjónarmiði og það er það að: Elskaðu syndarann en ekki syndina og hérna og svo framvegis. En þetta tímabil var mjög náttúrulega viðamikilið í okkar lífi. Við komum bara út á frá mjög svona saklausu sjónarmiði. Við vildum hefja náttúrulega einhverja umræðu en upphaflega þegar Ómar Valdimarsson hringdi í mig á barnaheimilið Njálsgötu að þá hérna sagði ég nei. Ég hélt hann væri að vinna fyrir DV og hafði svo mikla fordóma fyrir því blaði, það var vitlausu megin við miðjuna fannst mér. Miðjuna góðu. Og ég sagði nei, ég held að þessi umræða eigi ekkert erindi við DV, hún verður áreiðanlega skrumskæld og málar okkur í ljótri mynd. En hann segir: Nei ég er freelance, ég vinn fyrir Helgarpóstinn þetta er fyrir Helgarpóstinn og ég segi nú, ég skal athuga það. Ég hringi í Lilju og sé hvað hún segi. Og svo hringi ég í Lilju, það var fasteignaskrifstofa sem hún var að vinna á og segi: Jæja Lilja, hvað segirðu er kominn tími á þetta? Og ég held að hún hafi eiginlega samstundis sagt já. Hún var aðeins að hugsa um fjölskylduna, ég var svo óforskömmuð að hugsa ekkert um hana fyrst, var að hugsa um önnur mál sem að voru mikilvægari. En hérna ég fékk það nú í hausinn síðar. En skal ég segja þér síðan ákveðum við viðtalið og ég hringi í Ómar og athuga hvað hann segir gott og James Smart kemur og smellir af okkur myndum og hann talar við okkur og ég reyndar set honum nokkur skilyrði. Ég segi: Ja sko, ég vantroysti nú aðeins, ég er ekki alveg viss um sko tilganginn, ég veit ekki alveg hvort ég geti treyst hérna þér. Þannig að ef að við getum samþykkt myndirnar og samþykkt fyrirsagnir og lesið yfir allt viðtalið áður en það fer í prentun á sem sagt prentsmiðjuna að þá skulum við gera þetta. Og hann segir já ekkert mál, það er bara mjög fínt, ég kann vel að meta það, segir Ómar. Svo kemur hann í heimsókn og spjallar við okkur og mjög skemmtilegt og allt það og ég veit ekki betur en að föstudagurinn rennur upp og ég er að labba á Njálsgötunni í rigningunni og þar fyrir utan er söluturn og þar er sem sagt Helgarpósturinn í plasti og ég sé í myrkrinu svona eitthvað og bíddu nú við. Þetta eru nú einhverjir kunnuglegir prófilar þarna. Ómar hafði sagt svona: Heyrðu, er ekki í lagi að ég verði með smá tilvísun á forsíðu, inni í til að vísa á viðtalið? Og ég segi jú, það er allt í lagi. En ég bjóst nú kannski ekki við þessu og ég held að hjartað hafi eiginlega tekið léttan sko svona afrískt trumbuþorp þarna í gangi inni, bara trumbuslátturinn þvílíkur og bara ryþminn góður þannig, en ég fékk létt sjökk og ég vissi að eitthvað myndi stórkostlegt breytast eftir þetta í lífinu. Kannski fyrst rekin bara af barnaheimilinu en alla vega rölti ég inn á barnaheimilið og jú, viti menn þetta var allt svolítiðið svona vinstra lið og allir lásu Helgarpóstinn og allir vissu það. Heyrðu barnapían af Njálsgötu er lesbísk, hún getur nú kannski haft einhver svona, kannski síast eitthvað inn þarna inn í börnin en ég var látin fara

en kannski ekki á þeim forsendum en vinur minn Þórólfur Stefánsson, gítarleikari hann var líka látinn fara og hann gerði nú ekki annað af sér en að leika vel á gítar þannig að ég hugsaði að kannski værum við bara svona vondar barnapíur en hérna, já.

Já, er það hérna fiðlusenan?

*HG: Nei nei.*

Já, ég heiti Lára Marteinsdóttir og er kölluð Martin líka og er hérna í Oakland, Norður Kaliforníu og ég stúderaði kvikmyndagerðarlist hérna í Kaliforníu, búin að vera hérna síðustu tíu ár.

Já. Þetta hafa verið ágætis ár. Ég fór til San Francisco eins og þú og það einmitt róaði niður allt mitt svona, allar mínar þrár og langanir í að vera samþykkt. Og þegar maður hefur upplifað það að vera bara einn af hundudum þúsunda sem að lifa í sátt og samlyndi að reka samfélag og þjóðfélag að þá, það er stórkostleg tilfinning að hverfa í fjöldann. Og þá getur maður farið á fókusera á það sem skiptir máli. Og já ég stúderaði fyrst í San Francisco State og hérna í women studies og tók þann pakka allan og það efldi sjálfstraust mjög og heilaði mann mikið og þá er ég tilbúin að fara bara að tjá mig dálítið.

Það var af því maður fékk athygli fyrir eitthvert brotabrot af sjálfinu, því sem maður var og það var sett stækkunargler á eitthvað sem við sjálfar höfðum ekkert séð heilu myndina en pressan sko, forvitni annarra og allt það og líka það að við vorum á einhverjum mörkum sem voru ekki viðurkennd og við kunnum ekki að skilgreina eða setja það í orð vegna þess að það voru engir hérna fyrirrennarar og það var engir söngvar um okkur, við sáum okkur ekki í kúltúrnum á neinn hátt nema neikvæðan hátt og þess vegna held ég að það var tímabært fyrir fólk sem að neitaði að taka við þessari kúgun, hún er svo, á einn eða annan hátt þá skemmir hún ekki bara sjálfan mann heldur heldur áfram að vera rot í samkenndinni í samfélaginu. Og það var þetta sem að held ég var svo óbærilegt fyrir marga og svo mikið af fólki flúði til Kaupmannahafnar og Evrópumegin þá til Bandaríkjana. Já og mér datt ekki í hug strax að fara, ég átti eftir að uppfylla ýmis önnur, ýmsar aðrar karmískar skyldur. Ég átti son 1985 til dæmis og hann er hérna með mér úti í Ameríku, gerir sig bara vel en þetta hefur allt, en þetta var eins og við værum allar og öll landkönnuðir á einn eða annan hátt og við værum að teikna

upp nýtt kort af sálarlífi íslensku þjóðarinnar. Og það var dálítið gaman að því að vera þessi landkönnuður og ég held að þær kynslóðir núna sem eru á Íslandi, auðvitað búa þær að því eins og á að gera að muna eftir og það er náttúrulega heilsteypt leið en sem heldur áfram að hérna víkka sjóndeildarhringinn og ný kynslóð víkkar sjóndeildarhringinn í hvert skipti. Og því meir náttúrulega sem virkni þessa nýju einstaklinga er innan samfélagsins því fljóttara munum, sem sagt því skemmri mun sá tími koma að það verður ekki lengur þessi skilgreining sem sagt að fólk sé svo ólíkt, heldur hvað eigum við sameiginlegt er miklu stærri og skemmtilegri spurning en hvernig erum við ólík.

Já hérna ég get kennt og þakkað Helgu Sigvaldadóttur vinkonu minni fyrir það. Ég held að í hvert einasta skipti frá því að hún fór út, í hvert einasta skipti eftir að hún kom heim sagði hún: Jæja Lára mín, hvenær ætlar þú að koma? Þetta var orðin árleg mantra bara og þú veist að ef þú endurtekur eitthvað nógu oft þá fer það að virka. Svo árið '93 um jólin þá kemur hún heim og ég held að það ár hafi hún ekki spurt, hún hafi gefist upp á mér en þá hafði hún opnað fyrir energið sko að ég svaraði og sagði: Jæja Helga mín, nú ætla ég að koma með þér í þetta skiptið. Hún trúði mér ekkert. Ég átti engan pening fyrir miða eða neitt. Ég skellti mér í banka, fékk lán og keypti miða. Komst inn í sömu flugvél og hún. Hún trúði mér ekki fyrr en ég sendi henni miðann. Sem sagt '93 þá fór ég út og þar hitti ég fleira gott fólk og íslensku listakonuna Kötu Sig og hún var á leiðinni niður í Los Angeles að hérna sækja um skóla, listaskóla og ég skellti mér með henni, sótti um í California Institute of the Arts, komst inn og hóf þar kvikmyndagerðarnám.

Ekki rósóttar sko. Ég held bara að örlögin á þeim tíma '93 þá hafði ég gert eh stuttmyndir, ég hafði byrjað að gera einhverjar stuttmyndir, ég var reyndar byrjuð að skjóta á filmu tólf ára á super8 og var, hafði endalausan áhuga á kvikmyndum, var í Fjalakettinum í Menntaskólanum við Sund og pabbi fór með mig oft á mánudagsmyndirnar mömmu til mikillar hrellingar, nei nei. Hún treysti því alveg, það voru svona byltingarmyndir frá Mexíkó og ýmsar hérna mjög avant garde og mjög magnaðar pólitískar myndir sem maður sá sem unglingur og hérna það var ekki fyrr en '89 að ég áttaði mig á því að ég skildi ekki, ég hafði ekki fundið mér neinn tilgang fyrir mig í lífinu að vinna við, það væri ekkert rétt fyrir mig og ég skildi ekki hvað það var. Þetta var fyrir framan mig allan tímann. Pabbi var með myrkráherbergi heima þegar við vorum litlar og allt þetta og þetta var eitthvað svo augljóst. Þetta var það sem ég átti að gera í lífinu, þetta var það sem var skemmtilegast og ef ég get unnið við það sem mér finnst

skemmtilegt, þá er það frábært og þá hugsaði ég: Ég fer til Moskvu. Og ég held að Hilmar Örn Hilmarsson, vinur minn, hann sagði: Lára mín, það er kominn tími á því að þú áttir þig á uppruna þínum. Farðu til Ameríku. Það er miklu auðveldara og miklu betra fyrir þig og það er nú erfitt að neita Hilmar þegar hann með sjarmanum segir eitthvað og ég fór út sem sagt og Helga var þarna brúin. En það var ekkert annað sko en bara algjör nauðsyn fyrir líkama og sál og mína andlegu velferð að ég færi á þeim tíma sem ég fór. Það var ekki, jafnvel þótt að ýmislegt hafi opnast upp í íslensku samfélagi á þessum tíma að þá fann ég mig ekki þar sem einstaklingur. En allt breytist og allt er í flæðinu og ég kann best að meta Ísland af öllum landsvæðum sem ég hef verið þótt að Kalifornía og Ameríka sé mjög fallett land og Dauðidalurinn einhver uppáhalds staður en þá er ekkert. Ég held að Ísland hafi líka opnast á alþjóðlegan hátt þannig að maður er ekki eins lokaður á neinn hátt sem sagt það er og Björk hefur náttúrulega hjálpað svo mikið í því og fleiri aðilar, að eyjan litla þarna í norðri það er ekki svo erfitt að koma og fara þaðan núna.

Já, ég hérna, sko við fáum ekki alveg allan, öll umræða varðandi hérna svona gay mál og lög og réttindi í lýðræði hvar þegn skal sæta sömu lögum og við sem gay fólk við sætum sömu lögum og borgum söma skatta og svo framvegis en við eigum samt ekki valkosti á sama hátt og heterosexuál fólk og þetta er náttúrulega út af kirkjunni en hérna ég er las þetta í blaði um, fyrir nokkru og þetta var republikani sko sem að talaði og hann sagði að það væri ekki nema, það væri spursmál um nokkur ár að gay fólk fengi sömu réttindi til til dæmis að giftast eða ganga í hjónaband. Og vegna þess að þetta er sko um leið og það er komin ákveðin maskína af stað eða einhver öfl í gang og allt frá því að Kennedybræðurnir voru uppi sko þeir voru að vasast í þessum málum og voru mjög hlyntir því að gay fólk fengju sömu réttindi og þeir trúðu á lýðræðislegar reglur að skyldi ganga yfir alla, trúðu á stjórnarskrána og svo framvegis að vissu leyti sko. Þeir voru ekki englar, ég er ekki að segja það en allavega þetta er búið að vera í gangi svo lengi, er það sem ég er að segja. Ég býst við að jafnvel þótt að þessi hvað hét það proposition hérna, hvað var það one twenty two?

*HG: The light initiative.*

Já, þá hérna maður sá skilti úti í görðum í ákveðnum hverfum í Los Angeles sko sem voru sem sagt ekki hlynt því að við fengjum sömu réttindi, það virkaði í það skipti en þetta var bara ein lota og ég býst við að þetta eigi allt eftir að, það er ekki hægt að halda þessu lengur

niðri. Þetta er ekki lengur einhver grýla. Nú er þetta bara orðið spursmál, þetta er eins og borgara hérna, civil rights movement hvað heitir það á íslensku?

*HG: Já réttindabarátta svartra.*

Já réttindabarátta, hún ég meina auðvitað hefur ekki allt hreinsast til þarna, sérstaklega ekki í suðrinu í sambandi við kynþáttafordóma en það er svo augljóst um hvað ræðir, tekur bara tíma að ræða að hreinsa út mykjuna.

Já það er náttúrulega þannig að sko almennt séð var þetta mjög jákvæð reynsla og útávið fengum við ekkert nema góð viðbrögð og hlýju og stuðning en það var meira innan fjölskyldna okkar sko, þar sem flækjurnar áttu sér stað, sem auðvitað það segir sig sjálft. En og við þurftum á ýmsan hátt að sýna fólkinu fram á... [Sími hringir].

Já, hin almennu viðbrögð við greininni voru mjög jákvæð og við vorum eiginlega, við áttum ekkert von á þessu, alls ekki og það var ekkert ego fjárfest í þessari grein. Við einhvernveginn vorum, ef það hefðum ekki verið við þá hefði það kannski verið einhverjar aðrar, það var bara kominn tími á þetta held ég og við ákváðum bara að hérna vera þeir talsmenn sem þurfti á að halda til að opna umræðuna fyrir konur. En já eins og ég segi sko það var mikið um fagnaðarlæti og mikið um teiti langt fram á morgun hjá hinum ýmsustu aðilum sko bara hvaðanæva úr þjóðfélaginu, öllum stéttum og verðandi alþingismenn og ýmislegt skemmtilegt en allavega þá var mikið fjör í þrjá mánuði. Hins vegar var kannski ekki alveg eins mikið fjör innan fjölskyldna okkar. Þar fór fram djúpstæðari hreinsun, meiri sársauki og það þurfti að líta meira inn á við inn í flóknari, allt flóknara dæmið sko en skömmu eftir þetta viðtal þá hérna var fjölskyldumeðlimur úr Lilju fjölskyldu sem að lumbraði nú aldeilis á mér í afmælisveislu sem ég hafði verið að elda fyrir systur Lilju og eiginmann hennar og já það var skemmtilegt teiti og ég var þreytt, kem út og maðurinn vill dansa við mig og ég segi: Nei, ég ætla aðeins að setjast niður og fá mér smá hérna hvítvínsglas, ég er ekki alveg til í að dansa. Og við hliðina á mér situr kona sem ég hafði aldrei séð áður og ég er með hnút í hárinu og hún horfir svona á mig elskulega og segir: Má ég losa hnútinn úr hárinu á þér og ég horfi á hana og segi: Já, ef þú vilt. Og þá teygir hún sig yfir byrjar að losa svona varfærnislega hárið á mér og hárið fellur svona niður og hún virðist vera svolítið feimin svona en bara mjög elskuleg. Og næsta sem ég veit er að ég fæ þetta

líka bylmingis kjaftshögg, þrífín upp á hárinu, maðurinn var tveir metrar og sterkur sjómaður og ég, lappirnar á mér dangla og hann heldur sko með annarri hendinni um hálsinn á mér og byrjar að tæta á mér hárið og lemja mig með hinum hnefanum, ég er eins og tuskubrúða í höndunum á honum og ég heyri allt bara verða að suði og ekkó og það er allt í bergmáli sko og er að missa bara meðvitund og berst náttúrulega eins og bara fyrir lífi mínu eins og menn gera í þessu ástandi. En hérna ég man að við fórum úr einu herbergi í annað og það voru menn að reyna að losa um takið og það var ekki hægt. Það voru fjórir fullorðnir menn að reyna að losa um takið og það gekk ekki og það endar með því, ég veit ekki hvort það var afmælisbarnið eða einhver annar en það þurfti að brjóta á manninum nefið til þess að ósjálfráðu viðbrögðin sko færu af stað og þá slepti hann því annars væri ég kannski ekki að segja þessa sögu núna en ég er ekki að segja þessa sögu því ég er eitthvert fórnarlamb, ég er bara að segja að öll okkar meira og minna á þessu tímabili sökum fáfræði og sjálfshatus þeirra sem standa okkur næst oftast að þá þurfum við að ganga í gegnum þess konar hreinsun og hún er sársaukafull og en við gerum það vegna þess að þetta er sannleikur og með kærleika þá fyrirgef ég þessum manni algerlega og meina það alveg frá hjartanu og bara ég veit að hann þjáðist mjög, þessi maður þjáðist mjög og ég veit að maðurinn var í miklu sjokki eftir þetta og ég veit að pabbi minn, hann var nú ekki eins hress með þetta og, eða hress, það var nú enginn hress með þetta en hérna það var gott að eiga einhvern að eins og pabba, hann til dæmis stóð með okkur Lilju í gegnum allt viðtalið og allt þannig að ég var aldrei skilurðu þannig... [Sími hringir aftur].

Já já nei allavega þá fékk ég stuðning pabba og systkina og það var mjög gott. Það tók lengri tíma fyrir mömmu aðeins en mamma er fín, þetta er orðið allt mjög fínt núna. Það er mjög erfitt að elska ekki barnið sitt. Það þarf eitthvað voða mikið til og þótt það hafi gengið á ýmsu þá gerir það oft þegar að takast á við einhvers konar nýjung eða einhvers konar nýjan lífstíl eða ný hugtök eða eitthvað nýtt sem gengur þvert á allt það sem foreldrar okkar hafa upplifað. En já sem sagt þetta var, við vorum bara einhvern veginn svo borubrattar í gegnum þetta allt og það var eiginlega ekkert sem gat svert það.

Já já ég býst ekki við öðru. Ég man ekki endilega eftir neinu við bara vorum í endalausum partíum og maður var náttúrulega létt alltaf svolítið svona tipsy og ég man ekki, ég hef aldrei kært mig neitt sérstaklega um kampavín en það var eiginlega ekkert nema einhverjar kampavínsveislur. En hérna það gerir nú höfuðið á manni dálítið létt en jú jú það, eins og ég



segi þetta var voða mikið af feimnum stúlkum sem komu og þökkuðu fyrir og annað. En eins og oft á Íslandi og er örugglega enn í dag að það sem að sko kveneðlið er kannski, það er auðveldara fyrir konur að lifa sem bisexual og finna það í sér þetta androgyníska eða jafnvægi, kvenkarl element í sér sko. Þannig að það er oft þannig að þær konur sem að hafa og sýna manni mikinn áhuga og ég veit að vinkonur mínar ungar segja það í dag, sem eru dálítið androgynískar að það er oft svokallaðar straight konur sem hafa voða mikinn áhuga á manni oft sko en þær eru ekki alveg tilbúnar til að gangast undir skilgreininguna. En þessar skilgreiningar og allt þetta, ég held að ég segi þetta líka þarna '83 að þetta breytist ekkert þetta er svo óeðlilegt ég meina ímyndaðu þér að ef að blóm skilgreinir sig í þú veist með einhverja svona, um eðli sitt skilurðu. Blóm er bara blóm og það lifir eftir þess heilaga sannleika að horfa framan í sólina og brosa og lifa og gefa sem sagt vinna úr koltvísýringi og gefa frá sér súrefni og síðan deyr það en skilur eftir fræ og síðan heldur hringurinn áfram. Ég meina þetta er bara, við erum þetta sams konar energí en það er erfiðara kannski fyrir okkur að finna okkar heila kjarna. Og þetta er bara baráttan að finna jafnvægið, androgynið í kúltúrnum, fyrst í okkur og síðan í kúltúrnum. Og ég veit að sem sagt skemmtanabransinn er meira eða minna alltaf androgynískur og þess vegna er svo mikilvægt hvað gerist og á sér stað í bíómyndum og söngvum og öðru og þú veist að saga okkar hefur verið, þótt hún hafi ekki verið svona opinská sko hérna frá sem sagt þriðja áratugnum og upp, að hún nefnilega sko því að á öðrum áratugnum þá var, þetta var alls ekki eitthvað bannað. Það var þegar kynfræðingarnir komu inn og fóru að gefa öllu orð og skilgreina hvað væri nú Boston marriage og hvað er nú kona sem elskar aðra konu og svo framvegis og fór að, eða karlmenn sem elska aðra karlmenn þegar orðið sex kemur aftan við eitthvað það þá fer náttúrulega, þá fara hérna sem sagt hin móralski meirihluti alltaf á stað ha, hann getur ekki hlustað á orðið sex sko án þess að fara í sveiflu.

Mhm eins og í Tælandi og annarstaðar sko, þetta er alveg leyft en um leið og það kemur þessi vestræna skilgreining og í sambandi við kyn hérna eðli, þá fer allt í baklás. Þá allt í einu er þetta orðið vandamál og spurning um siðfræði og rétt og Guð og allt það.

Já ég hef oft hugsað þetta sko. Ég meina. Frá því við fæðumst og tókum skref aftur á bak á vissan hátt. En það eru bara Búddismapælingar sko en hérna já ég held að við erum alltof mikið í höfðinu, allt of mikið í þeóríunni og þyrftum að vera meira í reynslunni í lífinu, sjálfu sko, að lifa það sem við raunverulega erum en ekki að, sem sagt að upplýsingarnar komi í

gegnum hjartastöðina en ekki sem sagt heilastöðina. Vegna þess að hjartastöðin kemur fyrst, hún sendir út boðin í gegnum heilann og hérna að vera sem sagt þannig að já það er alltof mikið, við erum komin of langt í þá átt að vera með brotabrot sko þetta brot er af þessu broti, allt í einu er ég orðin paranoid hérna lesbian seperatist eða hvað annað skilurðu. Og þú veist síðan breytist það og fer yfir í hérna criminally inclined þú veist lesbian political prisoner eða...

*HG: Yfir í það að vera...*

Og leiðin liggur bara niðrávið sko.

DV 97.

...talk about this I don't know you know, like we are born into this life, we are born into this patriarchal structure, we are born into a male, the male is much more revered than the female and has a, you know it's just his future is almost secured in a way and meanwhile as we speak you know both in Pakistan where a woman who is misfortunate enough to be raped unless four men step forward and testify to her nobility, she is going to be stoned to death. Or in China where they kill girls, you know newly born girls like you know, like they're extinguishing a candlelight.

*HG: But I think it's dangerous to make those...*

Hótel Borg og síðan á Óðal. Jú jú við vorum dálítið svona meðvitaðar kvinnur, ungar kvinnur og já já ekkert allar þar sem við vorum séðar. Ég held að, sko Lilja var nýkomin frá Nýja Sjálandi og hafði séð sem sagt aðra, já annað menningarform og ýmislegt sem sagt hennar sjóndeildarhringur var mjög opinn og hafði sterka réttlætiskennd í margar áttir og við áttum mjög vel saman að því leyti að okkar hugmyndir um lífið og tilveruna voru einmitt mjög mikið um að skoða alla þætti samfélagsins og hvað væri svona ó, já óhollt fyrir sálina og hvað væri gott. Allavega fyrir okkar hérna samvitund. Þannig að jú jú við hérna við vorum tilbúnar til þess að takast á við þetta af þeirri ástæðu, ekki bara, þetta var engin tilviljun þannig sko en þetta var bara góð, þetta var eitthvað sem við áttum vilja til.

*HG: ... Ef það er eitthvað sem kemur upp í hugann.*

Já þegar við byrjuðum í Samtökunum, ég held að það hafi verið svona um ári eftir að þau voru stofnuð, ég held það hafi verið '79 þegar ég hringdi og talaði við Guðna Baldursson og síðan fórum við niður eftir og ég var mjög heilluð af því að það sem að Guðni Baldursson var að gera, hann var lögfræðimenntaður og hann var að skoða okkar réttindi út frá stjórnarskránni, út frá lögum og réttindum og svo framvegis og þar var ýmislegt sem var óréttlátt og þurfti að lagfæra og hann vildi beina spjótum sínum að þeim efnum og byrja frá grunni. Byrja frá lagabókstafnum og koma sem sagt setja þau energi eða þá orku af stað og ég held að það hafi verið rétta leiðin. Allt annað, ég veit að það var togstreita í Samtökunum, það voru margir strákar sem vildu bara skemmta sér. Samtökin áttu bara að vera eins og svona eitthvað svona félagsheimili en Guðni hafði önnur hérna aðrar hugmyndir og hann hafði mikil áhrif, hann opnaði sko fyrir mér sýn inn í íslenskt samfélag sem ég hafði ekki skoðað áður. Ekki á þennan hátt. Ég fór með honum, við ákváðum að sækja um styrk hjá dómsmálaráðherra þess tíma, og það var framsóknarmaður og Guðni hafði pantað viðtal. Hann var mjög formlegur Guðni, kunni þetta allt, við komum á réttum tíma og vorum boðin inn í skrifstofu dómsmálaráðherrans og sátum þarna og báðum um styrk til þess að fara á menningarráðstefnu samkynhneigðra í Skandinavíu. Sem öll skandinavísku hérna löndin voru saman komin til þess að ræða málin sko, hvar hvert og eitt land stæði í þessum málum og svo framvegis og bera saman bækur okkar. Jú jú svo sátum við þarna og þegar Guðni hafði borið upp beiðnina, maðurinn horfði á okkur, ég er viss um hann hafi kannski ekki, ég veit ekki hvort hann hafði farið í dýragarð en okkur leið eins og hann væri að horfa á eitthvert bara einhverja nýja tegund af dýrum sem voru að biðja hann um mat. Og hérna hann var svo vandræðalegur og horfði á okkur bara eiginlega en með léttu svona, kannski var ég með eitthvert vænibrjál en léttu já, fordóma og jú jú við fengum ekki styrkinn, að sjálfsögðu ekki en fórum eigi að síður. Og það var mjög merkilegt fyrir mig og það var held ég 1980 og það svo sannarlega opnaði ennþá stærri heim fyrir mig að sjá hvað fólk var duglegt í nágrennalöndum okkar að vinna að þessum málum og líka skemmta sér og gleðjast en að skilja það aldrei að. Það var ekki sko já það var ekki hérna að miðla neinum málum þannig en engu að síður var meðvitundin mjög sterk um þeirra borgaralegu réttindi. Og við komum heim hérna eftir þá ferð reynslunni ríkari og ég já er alveg sko, ef að það hefði ekki verið Guðni Baldursson á þessum tíma þá væru Samtökin í annarri mynd, ekki eins, ég held að hann hafi verið algjör frumkvöðull í að laga okkar mál. Það eru ekki neinar grafötur um það.

Já nú sko, ég veit ekki betur en ja, hvenær kemur viðtalið um Hörð Torfa út? Það hafði nú sko, mér fannst mjög gaman og eðlilegt að það viðtal kæmi út og allt það og hann var algjör brautryðjandi sá allra fyrsti gay maður í pressunni að koma út en það var nú ekki auðvelt fyrir hann. Hann þurfti að flýja til Kaupmannahafnar. Sú saga er kannski fræg og það segir margt um landann. En ég held að hann hafi fyrirgefið nú þjóðinni og hún, en hérna eigi að síður sko. Maður man nú eftir fleiri blómaskreytingamönnum og hárgreiðsludömum sko sem voru kynvillingar og maður heyrði svona: Já þú veist já þau geta ekki að þessu gert þetta er þú veist, náttúran bjó þau til svona við verðum bara að umbera þau, þessi fyrirbæri. Dálítið þannig. Eins og ég sagði kannski og hef sagt áður að ég, foreldrar mínir voru víðsýnir og pabbi sem átti svo gott bókasafn og það voru bækur um homosexuality þarna alveg bara fleiri en fimm jafnvel sko, ýmislegt í gangi þar og allt mjög opið í sambandi við það að hérna og aðgangurinn auðveldur fyrir mig þannig að ég ólst ekki upp við það en það sem ég heyrði og í gegnum kannski vinkonur mömmu eða þá þú veist, einhver frænka mín var í einhverju partíi þar sem einhver kona hafði verið að snerta á henni lærið og ég man eftir því að þegar hún segir sko: Hún var að sko að þukla mig upp og niður og ógeðsleg lesbía. Og ég man að, þá ég var ung sko eitthvað tólf, þrettán kannski þá og ég man hún sagði þetta á þann hátt og með þvílíkum viðbjóði að þú veist það fór bara um mig þú veist sko, uh. Og ég veit ekki hvaðan ógeðið kom en sko þetta er náttúrulega partur af minni kannski eigin hómófóbíu að svona innri hómófóbíu jafnvel þótt ég hafi verið mjög ung, það var af því að ég eða þar byrjar, þú veist eða það var kannski byrjunin á henni jú og umræðan var alls ekki jákvæð. Langt því frá, langt í land. Og ég man eftir nokkrum konum sko sem að voru að drekka sig í hel og mörgum mjög gáfuðum manneskjum sem að fóru illa af því að taka samfélagið of alvarlega.

Já. Jú jú það er bara þagnarmúrinn að brjóta hann og það hefur verið gert og það er bara þú veist það þarf ennþá að gera það og það er ekki bara í sambandi við kannski kyneðli sem slíkt. Sko ég persónulega trúi ekki á eitthvert kyneðli. Ég trúi á náttúrulegt flæði hérna kynlífsorku sem er tengd og miklu miklu viðameiri orka heldur en einhvers konar orka sett í box sem er bara um samfarir. Þú veist það er náttúrulega fráleitt að hugsa þannig um líkamann og hugsa þannig um orku sem er öll í flæði. Ég meina fólk sem að er vísindalega þenkjandi á náttúrulega að vita betur. Og við erum ekkert annað en vísindalega svona þenkjandi manneskjur í dag. Alla vega teljum okkur vera það þannig að ég skil ekki hvernig við getum ekki hérna bara hætt að setja okkur í box og leyfa þessu flæði að fara upp og niður

hryggjarsúluna, kúndalíníenergíð og bara njóta þess og verða betri og betri manneskjur fyrir vikið. En það er svona, við þurfum ennþá umræðuna og brjóta ennþá meiri þagnarmúra í framhaldinu.

Og þannig er það að ég er náttúrulega hef engan áhuga á giftingu sjálf persónulega. En ef fólk vill og þarf á því að halda þá á það á því rétt og þar stend ég og ég þarf ekki á þessu samþykki að halda eða um það og ég þarf ekki heldur að fara þá leið.

Já sko aftur ee þetta fer bara eftir persónuleikum og ég veit það líka að Lilja og ég við vorum kannski ekkert endilega þínar venjulegu svona hérna conformistar hérna, afsakaðu slettuna, íslenska orðið kemur ekki alveg.

*HG: Allt í lagi.*

En hérna þannig að við höfðum engan áhuga á því að ganga þá leið hvort eð er og hérna hins vegar sko að ég verð bara að segja það að það er svona ákveðið fyrirbæri sem á sér stað og þetta er hérna lögmál bara náttúrulögmál að um leið og maður opinberar samband sitt á einn eða annan hátt í fjölmiðli og lætur þjóðina taka þátt í sambandi manns að þá gerast hérna, þá fara ákveðin element af stað sko sem að eru mjög ófyrirsjáanleg. En sem sagt niðurstaðan er sú að það reynir verulega á sambandið og reynir verulega á sannleikann í sjálfum manni hérna og grunninn í sambandinu sjálfu. Á hvaða grunni er þetta samband byggt? Og ég veit að þessi keðjuverkun sem sagt sem átti sér stað þar leiddi okkur sem sagt, við fórum í sitthvora áttina skömmu síðar. Þannig þetta var mjög mikil hérna jákvæð þróun jafnvel þótt við höfum verið mjög góðar vinkonur og allt það sko. Það bara, bjóddu þjóðinni að taka þátt í samlífinu sko og þá fer ýmislegt af stað.

Já ég man að það var einmitt mikið svona fjaðrafok innan Samtakanna og það var meira sko milli drengjanna. Og því miður sko þá fór það með okkur í Samtökunum eins og öðrum samtökum sko að hérna það voru önnur áherslumál sem sagt pólitísk ádeiluefni sem karlar fundu sig ekki inni sko sem var meira sko ekki spurning um kvenréttindabaráttu og annað sko að konurnar þyrftu að efla sig aldeilis í að ná sömu réttindum og karlmenn, og þetta væri ekki bara um það hvernig maður sem sagt um okkar kynferði en karlarnir voru meira í þeirri baráttu að fá að vera viðurkenndir sem einstaklingar. Ekki af því þeir voru sko, þó það sé

miklu harðar á þeim barið eigi að síður, homnum í samfélaginu þótt þetta sé kallað samfélag. En sko þannig ég man ekki svo vel hvað átti sér stað í Samtökunum annað en bara það að það var uppi fótur og fit og heitar erjur og...

Nei ég meina er maður ekki bara svolítið eins og Groucho Marx að geta ekki verið í einhverjum klúbbi sem hefur meðlimi eins og mig. Ég bara get ekki verið, ég er ekki einhver svona klúbbakona en fílaði alveg Rauðsokkurnar í botn sko og kaus Kvinnalistann alveg mjög glöðu geði sko, mjög meðvituð um það en nei ég bara á mjög erfitt með það. Ég á erfitt með að þú veist, það er eins og maður minnki eitthvað við það. Þetta er eins og ég verð að segja með það þessa katagóra, eða hérna þetta, þessa hólfaskiptingu alla að þetta er bara ein mannréttindabarátta og áherslan auðvitað þarf að vera í ákveðnar áttir á réttu tímabili og þá á súarátta mína athygli. En að vera meðlimur í einhverju það á ég erfitt með.

Og ég man eftir því sko að bara þegar Kvinnalistinn kom og, og kannski er þetta eitthvað sérstakt með Íslendinga en ég var að vinna á Ríkisútvarpinu og það voru svo margir karlmenn sem voru svo ánægðir með þetta og allir kusu, ekki allir karlmenn heldur en svo margir sem að við töluðum saman sem sagt um þessi mál og þeir voru langflestir sem að kusu Kvinnalistann og það voru engin ögrun við þá. Sem að sýnir svo margt, þeim fannst sko engin ógn eða ögrun að kjósa konurnar, voru á sama máli og svo framvegis. Það fannst mér stórkostlegt og kannski segir það bara ýmislegt um íslenska karldýrið að hérna þeir eru ekki eins slæmir og svo margir aðrir hérna sem aldir eru upp á kannski siðmenntaðri hérna meginlöndum.

Já það er eins og það á að vera. Það er náttúrulega, við höfum svo mikið ójafnvægi í heiminum í dag vegna þess að helmingurinn af okkar sálarkirnu er í kæfingu sko og þess vegna er náttúrulega þessi, ef náttúran bjó okkur til á ákveðinn hátt, bjó okkur til svona, ákveðin ólík hérna einkenni á ástæðu og það er ekki fyrr en þessi element fara að vinna saman að við öðlumst jafnvægi og það byrjar náttúrulega með persónulegu sambandi og síðan fer það út í vonandi, út í alþjóðleg samskiptamál, pólitík.

Ég man mjög vel eftir því.

*HG: Eftir hverju?*

*Svona fólk*

Ja, ég man eftir því til dæmis já fréttir fóru að koma í sem voru af mjög dularfullum dauðsföllum. Það var aðallega við strendur sem sagt í strandarborgum eins og New York og San Francisco og annað. Það var ekki innanlands, þetta var meira þar sem já í svona einmitt, og það fóru að vera mikil afföll hérna gay karlmanna og ég man ekki hvað þetta var hvað '83, '84 og hérna og maður las um þetta og þeir vissu voða lítið um þessa veiru og töldu að þetta kæmi frá öpum, apa í Afríku og hérna en þetta sem sagt væri einhvern veginn var aðallega gay menn sem að yrðu veikir. Og ég man að Reagan sagði einmitt að þetta væri bara refsing guðs fyrir þessa sódomíta. Réttlát reiði guðs. Þannig að umræðan varð strax mjög jákvæð. En svo var það þýskur, hann var þýskur eða austurrískur ég man það ekki, listamaður, óperusöngvari Klaus Nomi sem dó '84 og ég hafði gaman af honum og ég spilaði hann oft í útvarpinu einmitt og skrifaði grein um plötuna hans í Þjóðviljann og talaði aðeins um, ég talaði ekkert um alnæmi sem slíkt, ég talaði bara um hann hafi látist úr því. En ég náttúrulega hafði miklar áhyggjur af því hvað þetta væri og hvað væri í gangi og hvort þessu hefði verið plantað skilurðu, að útrýma þessum óæskilegu og afhverju þetta væru bara sem sagt gay menn sem að. Og það kemur í ljós að það er bara þetta er algjört, náttúrulega langt í frá að þetta réðist bara á homma sko og í Afríku í dag eru hvað? Veiran er 50 prósent. Allir í Afríku eru með alnæmi en það að pressan tók undir þetta allt og gerði þetta að þessu írafári sem þetta var, það kom margt gott út úr því. Konur og karlar í gay samtökum fóru að vinna saman aftur og þá bundust aftur trygg bönd milli kynjanna sem að höfðu áður verið splundruð. Það var mjög jákvætt það sem gerðist þá og ég held að sem sagt sú tenging aftur og það voru svo margir sjálfboðaliðar konur, lesbískar og annað sem voru mjög atorkusamar í að pressa á ríkisstjórnir og annað, heilsu, sem sagt, geirann sko að vakna til lífsins og svo framvegis og svo framvegis og framvegis, settu af stað alveg ótrúlegt batterí sko.

[LM andvarpar] Já innan síns eigins hóps. Já jú jú ég vissi af nokkrum svona drengjum sem höfðu fengið veiruna og komu heim og það var dálítið, það var ótti við þá eða sem sagt strákarnir, nokkrir strákar sem sagt, ég held að það hafi ekki verið, það var bara sökum fáfræði, voru dálítið stressaðir sko að þeir fengju ekki sjálfir veiruna. En ýmislegt, það er svo mikið upplýst síðan sko og ég held að enn þann dag í dag, ég meina við heyrum ennþá, það var ekki fyrr en sko ákveðnar stórstjórnur fóru að deyja úr þessu eins og Rock Hudson og meira að segja er haldið að hinn indverski gúrú Bhagavan Sri Rajneesh hafi dáíð úr AIDS

Þannig að helgir menn, nánast helgir ekki alveg helgir, geta líka dáið úr þessum sjúkdómi að þá er fyrir okkur sko mortal, okkur dauðlegu mennina ekki eins mikil hneisa.

Ja, ég er búin að vera svo lengi í burtu og hérna ég veit það að ég man eftir að hafa hitt Palla Óskars, nei er hann ekki Hjálmtýs?

*HG: Páll Óskar Hjálmtýsson*

Páll Óskar Hjálmtýsson, hvað er ég, hérna hitt hann sem ungan, ljóshærðan dreng, lítinn álf og áður en hann sko umbreyttist í Palla að þá hefur hann held ég, að hann hafi gert alveg rosalega mikið bara ss með því að vera svona sjarmerandi og sætur strákur, hann er svo opinn og skemmtilegur og bara færa umræðuna sko bara að þetta er ekkert mál og þetta er bara sem sagt og ég held að það hafi skipt voða miklu máli, sko fyrir kynslóðina þá eftir, þá eftir þá kynslóð sko og bara sem sagt fólk sem heldur ötullega áfram að vinna. Magga Pála og Lilja Sig og Þorvaldur Kristins og miklu miklu miklu fleira fólk á einn eða annan hátt, hafa komið til liðs við okkur og reynt að, það þurfti bara einhvers konar sem sagt, það þurfti, einhver þurfti að byrja, brjóta ísinn og hljóðmúrinn og eftir það held ég að hlutirnir eigi sér stað náttúrulega. Ég held að þegar þessar bylgjur eru komnar af stað að þá er mjög erfitt að kæfa þær vegna þess að þetta er eitthvað sem er náttúrulegt energí og þarf að leita sér útrásar og þar með um leið og þetta er byrjað þá á þetta eftir að taka á sig margar myndir og við eigum eflaust eftir að fara upp og niður í hinum ýmsustu málum, ég meina baráttan endar ekkert hér, við erum, þótt við séum á einhverri eyju á Íslandi og það hafi átt sér stað stórkostlegir hlutir og kirkjan jafnvel kannski að þæla í því að leyfa sem sagt að fólki að giftast, að ganga í hjónaband innan sinn vígja, það er ekki lítið mál. Og það er eins og með þennan gay biskup hérna núna á Vesturströndinni, hérna episcopal biskupinn að hann skuli hafa, áður fyrir máttu konur ekki vera biskupar, síðan var það, sem sagt þeim fordómum var útrýmt. Núna vinnur hann þennan sigur og svo framvegis, þannig að ég held að allavega í okkar vestræna heimi, þá fær ekkert stöðvað þessa, þetta jafnvægi sem er verið að koma á.

Ég held að sko um leið og að það er einhver saga á bak við okkur, við höfum einhverja tilfinningu fyrir sögu, að við erum hluti af einhverri heild að fyrir aftan okkur, sko einhverjar kynslóðir er eitthvað sem að heldur áfram og fer í gegnum okkur þá ég meina, um leið og við eigum sem sagt sögu til þess að líta til baka til og þá erum við hluti af einhverju og þá er ekki



annað en að búa til framhaldið. Og maður býr til framhaldið með hverjum andardrætti, í hvert sinn er maður vaknar á morgnana og ákveður hvað skal gera og svo framvegis og þessar stúlkur í dag hafa, ég er ekkert að segja kannski að lífið sé auðveldara vegna þess að maður styrkist oft á mótmælunum og vex og kemst til manns þegar reynt er á þannig að það er ekkert endilega gott að fá allt upp í hendurnar en ég er ekki að segja að það þurfi að vera í formi sem sagt fordóma. Þessar stúlkur geta þá beint kröftum sínum að öðrum mannúðarefnum og haldið áfram að gera gott og það skiptir ekki máli hvort það er gagnvart samkynhneigðum eða hverjum og einum þeim sem eiga undir högg að sækja sökum fordóma.

Ég held nefnilega að það hafi verið sami aðilinn og hérna lumbraði á mér og ég veit að sko sami aðili hringdi í mömmu því ég álpaðist til að segja og breyta í þessu viðtali að sem sagt: Hvenær vissirðu fyrst að þú værir lesbísk? Og ég bara hugleiddi ekki að þurfa að lifa undir einhverju orði, einhverri skilgreiningu þannig að mér þótti þetta allt mjög skrítíð. Og þegar orðið sjálft, það var búið að tala það eingöngu, tala, sem sagt segja það orð með svo neikvæðri meiningu og energíu að það að ég skyldi sem sagt vera það var náttúrulega hræðilegt og sú fyrsta sem segir það náttúrulega spyr mig bara í elsku og líka af því að hún var opin gagnvart því að sem sagt mamma segir við mig hérna hvort ég gæti þá ekki verið lesbísk elskan mín og síðan hefur það verið ekkert mál. Mér finnst stórkostlegt að hún skildi segja það en ég hrökk í kút. En í viðtalinu þá bæti ég því við hér og hún var alls ekki tilbúin til að heyra það og sérstaklega ekki eftir að hún fékk símtal frá þessum ákveðna aðila: Jæja Agnes mín, það er bara þér að kenna að dóttir þín sé pervert. Og aumingja mamma fékk náttúrulega áfall og sem mér þótti náttúrulega mjög leitt og hefði aldrei átt að setja þessa setningu inn en kemur í sama stað niður. Hérna það er alltaf einhver svona, já það þarf að vera svona rauður þráður í dramanu og sami aðili skuli hafa leikið aðalhlutverkið í dramanu er kannski það sem er svolítið skemmtilegt. Jú ég held að hann hafi einmitt farið um allar trissur og keypt upp Helgarpóstinn. Vegna þess að fólk kom til mín og kvartaði og sagði: Ég ætlaði að kaupa eintak en það er uppselt. Ég veit ekki hvað hann gerði við þau, ég held hann hafi brennt þau á báli með öðrum ósiðlegum bókmenntum eða lestrarefni.

Ja ég veit ekki sko. Ég á náttúrulega son sem er fæddur '85 og hann er að verða átján ára og sko ef að börn á hans, ef að þessi kynslóð er sem hann og þá erum við bara í mjög góðum höndum hygg ég sko. Meðvitundin er á svo miklu miklu dýpra plani heldur en hjá okkur og þau geta hafið vinnuna miklu miklu fyrr og þeirra framlag fyrr til að uppræta svona

vankunnáttu og sjálfshatur í öllu formi. Þannig að ég veit ekki sko, það er eiginlega ekkert sem að maður þarf að hafa áhyggjur af. Maður bara gerir sitt besta og veit það að við erum ekki alveg búin að útrýma okkur ennþá, mannskepnan en maður vaknar upp á hverjum degi og gerir sitt besta. Þannig er öll mannréttindabarátta. Hún hefst alltaf á hverjum einasta degi.

*HG: Hvað ertu í dag?*

Ja hvað er maður í dag ef maður er ekki lesbía en heldur samt áfram að elska konur? Ja, það er nú, þetta er náttúrulega nú bara allt í lagi að nota orð sem að skilgreina hluti eins og epli er epli. Maður veit að nei það er ekki Fiji epli, þetta er Washington epli, tvö ólík brögð en samt epli. Lesbía er bara kona og hún er með ákveðnu bragði, öðru bragði en samt í eðli sínu kona, mjög safarík og góð, en sko ég á bara erfitt með orð sem að segja ekki sannleikann að öllu leyti og orðið lesbía er bara orð til sem sagt til brúks svona til skilgreiningar, svona til þæginda og ef að við viljum fara í lesbískt partí að þá vitum við hvert eða þú veist, það er ýmislegt sem hjálpar manni sko, maður drekkur ekki lesbískt kaffi eða lesbískt vín en það er hægt að fara í lesbískt partí og þá hefur það sérstakt svona bragð og það er gott að hafa það orð, hjálplegt sko.